

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2021

Málefni: Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2022

Helstu áherslur í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV):

- SFV kalla eftir því að viðbótarframlag það sem Alþingi samþykkti í fjárukalögum 2021 verði bætt aftur við rekstrargrunn hjúkrunarheimila. Í fjárukalögum var samþykkt 1.000 m.kr. viðbót við rekstrargunn hjúkrunarheimila og 300 milljónir til viðbótar vegna útlagakostnaðar (skipt á árin 2019-2021). Þetta fjárframlag er ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu. Þessi innspýting í rekstur hjúkrunarheimila árið 2021 kom í veg fyrir hamfarir í rekstri þeirra, niðurskurð á þjónustu og starfsmannahaldi. Því er ákaflega mikilvægt að í meðförum þingsins á fjárlagafrumvarpinu verði þessum 1.100 m.kr bætt aftur við.
Í vinnuhóp heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, hvers hlutverk var að skoða niðurstöður Gylfa-skýrslunnar svokölluðu, var sameiginleg niðurstaða hópsins að milljarð vanti upp á rekstrargrunn hjúkrunarheimila. Þar er einungis átt við rekstrargrunninn og eftir er að taka tillit til kostnaðarauka vegna styttingu vinnuviku, aukinnar hjúkrunarþyngdar og hækkana á launum og verðlagi. Sú niðurstaða markar ákveðin tímamót, að þessir aðilar séu sammála um að þetta fjármagn vanti inn. Því treysta samtökin á að ríkisstjórnin, fjárlaganefnd og Alþingi standi saman að því mikilvæga skrefi, sérlega í ljósi þess velvilja sem starfsemi hjúkrunarheimila hefur verið sýnd í máli ráðherra og þingmanna.
- Inn í frumvarpið vantar fjármuni til að bæta kostnað hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna styttingu vinnuvikunnar. Samtökin treysta á að í meðförum þingsins verði slíku fjárframlagi bætt við en ljóst er að kostnaður hjúkrunarheimila vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu verkefnisins kallar á það til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingar vegna verkefnisins.
- Samtökin hvetja til þess að sett verði í gang vinna við að uppfæra viðmið um umönnun og mönnun á hjúkrunarheimilum og tengingu þeirra viðmiða við fjárveitingar til hjúkrunarheimila. 80% rekstrarkostnaðar hjúkrunarheimila er launakostnaður og því er algerlega bein tenging milli fjárveitinga og þess hversu vel hjúkrunarheimili geta mannað starfsemi sína og hversu mikla umönnun þau geta veitt heimilisfólki. Í dag er það þannig að fjárveitingar eru langt frá því að vera nægar til að hjúkrunarheimili getið náð lágmarksviðmiði því sem embætti landlæknis hefur sett um mönnun og umönnun – þetta þarf að laga og kalla samtökin eftir því.
- Þá kalla samtökin eftir því að aðhaldskrafa á starfsemi hjúkrunarheimila verði aflögð. Rekstrarkostnaður þeirra (og tilsvarendi þjónusta) lækkar ekki um 400 milljónir á ári, hvers vegna ættu fjárframlög til þeirra þá að gera það?



- Alzheimersamtökin og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kalla eftir því að bætt verði við fjárlögin 50 m.kr. árlegu fjárframlagi vegna þjónustumiðstöðvar Alzheimersamtakanna fyrir fólk sem greinist ungt með heilabilum eða er á fyrri stigum sjúkdómsins, auk aðstandenda þeirra. Fjallað er um nauðsyn þess að koma á slíkri þjónustu í áætlun heilbrigðisráðuneytisins frá 2020 í málefnum fólks með heilabilun. Nú hefur fjárlaganefnd og Alþingi tækifæri til að styðja þau fyrirheit.
- Kallað er eftir því að stjórnvöld auki við fjárveitingar til SÁÁ um 300 milljónir í fjárlagafrumvarpinu, og að það framlag verði fest í rekstrargrunn SÁÁ framvegis. Með því væru tryggðar 2100 innlagnir á sjúkrahúsið og tækifæri skapast til að nýta sjálfsaflafé SÁÁ í önnur nauðsynleg úrræði sem SÁÁ sinnir svo vel.

Um samtökin

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru samtök fyrirtækja, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem eru ekki ríkisstofnanir og starfa á heilbrigðissviði samkvæmt þjónustusamningi eða öðrum tengdum greiðslum frá ríkinu. Samtökin voru stofnuð árið 2002 og eru aðildarfélögin orðin 45. Meðal aðildarfélaga eru Hrafnistuheimilin, Grundarheimilin, Brákarhlíð, Eir, MS setrið, Reykjalundur, Sólheimar, SÁÁ, Alzheimersamtökin o.fl. Greiðslur ríkisins til aðila innan SFV nema hátt í 15% af heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála á ári. Aðildarfélög samtakanna mynda samanlagt fjölmennasta vinnustað sjúkraliða á landinu og næst fjölmennasta vinnustað hjúkrunarfræðinga (á eftir Landspítalanum). Um 32% sjúkraliða landsins starfa hjá aðildarfélögum SFV og um 10% hjúkrunarfræðinga.

Athugasemdir um einstaka málefnasvið

Málefnasvið 25 Hjúkrunar og endurhæfingarþjónusta

25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými.

Í yfirliti 6 með fylgiriti fjárlagafrumvarpsins um rekstrar og þjónustusamninga kemur fram að kostnaður vegna “samninga SÍ við hjúkrunarheimilin” fari úr 38.015 m.kr. í 40.093 m.kr. Sú hækkun upp á 5.5% er töluvert langt frá því að ná utan um raunverulegan kostnaðarauka hjúkrunarheimila á næsta ári og vantar a.m.k. 3,0 milljarða þar upp á. Sá útreikningur SFV byggir á eftirfarandi forsendum:

- Ekki er gert ráð fyrir fjármunum í frumvarpinu til að bæta kostnað hjúkrunarheimila vegna styttingu vinnuvikunnar. Þar er ljóst að allt að 16% stytting vinnuvikunnar mun fela í sér mikinn tilkostnað ef ekki á að skerða þjónustu á móti.
- Rekstrarkostnaður heimilanna hækkar um 4.6% vegna kjarasamningsbundinna hækkana og verðlags.
- Undanfarin ár hefur hjúkrunarþyngd aukist umfram 2% hámark sem sett er á hækkanir vegna hjúkrunarþyngdar heimilanna. Þannig eru væntanlega nálægt 2% af þessari 5.5% hækkun að verða til vegna hækkandi hjúkrunarþyngdar.

- Þá er eins og áður segir viðbótarframlag það sem Alþingi samþykkti í fjárukalögum 2021 ekki í fjárlagafrumvarpinu eins og það liggur nú fyrir. Í fjárukalögum 2021 var bætt við framlagi upp á 1.100 m.kr á árgundvelli við rekstur hjúkrunarheimila. Þannig voru samþykkt 1.000 m.kr. viðbót við rekstrargunn þeirra og 300 milljónir til viðbótar vegna útlagakostnaðar (skipt niður á árin 2019-2021).
- Enn er sett aðhaldskrafa á starfsemi hjúkrunarheimila, þrátt fyrir að þjónusta þeirra minnki ekki, og tilsvarendi rekstrarkostnaður. Í því ljósi leyfum við okkur að spyrja hvernig hægt sé að setja fram 0,5% aðhaldskröfu á rekstur þar sem launakostnaður er yfir 80% af kostnaði og fjárveitingar frá stjórnvöldum eru langt frá því að vera nægar til að ná þeim viðmiðum um mönnun sem stjórnvöld sjálf hafa sett hjúkrunarheimilum?
- Ekki er hægt að sjá greinilega úr fjárlagafrumvarpinu eða fylgiriti þess hvort að þessi hækkun fari öll til reksturs þeirra hjúkrunarheimila sem eru starfandi í dag. Ef hluti hennar er ætlaður til reksturs nýrra hjúkrunarrýma þá er myndin enn svartari varðandi það hversu mikið fjármagn vantar upp á.

Af ofangreindu má greinilega sjá að töluvert vantar upp á fjárveitingar í frumvarpinu til hjúkrunarheimila, ef vilji stjórnvalda liggja til að þau viðhaldi sama þjónustustigi og nú er. Með hliðsjón af öllu ofangreindu er óskað eftir að fjárheimild málaflokks 25.10 verði hækkuð um sem nemur 3.000 m.kr. sem ráðstafa skuli til styrkingar á rekstrargrunni hjúkrunar –, dvalar – og dagdvalarrýma.

Greinargerð – Hvers vegna er nauðsynlegt að hækka fjárheimildir til hjúkrunarheimila í frumvarpinu?

SFV minna á að rekstur ýmissa hjúkrunarheimila stefndi að óbreyttu í þrot árið 2021 eða þar til fjárlaganefnd ákvað að bæta við framlagi í fjárukalögum sem kom í veg fyrir þann harmleik. Í þessu samhengi þarf að horfa til þess að starfsemi hjúkrunarheimila hefur breyst gríðarlega frá árinu 2008, allt frá því þegar Færni og heilsumatsnefnd fór að forgangsraða veikustu einstaklingum inn á hjúkrunarheimilin, með réttu. Verulega aukin þörf fyrir fyrir faglega umönnun jókst án þess að fjármagn fylgdi.

Ef ekki verða gerðar stórvægilegar lagfæringar á fjárlagafrumvarpinu og fjárframlög til hjúkrunarheimila hækkuð á milli umræðna þá eru óhjákvæmilegar afleiðingar af því enn frekari niðurskurður í rekstri hjúkrunarheimilanna og þar með enn meiri skerðing á þjónustu til íbúa. Þá eru einnig töluverðar líkur á því að ýmis sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar geti ekki lengur staðið undir rekstri hjúkrunarheimila og neyðist til að skila honum til ríkisins.

1.1 milljarða viðbótarframlag til hjúkrunarheimila í fjárukalögum 2021

Í fyrsta kafla fjárlagafrumvarpsins um áherslur og forgangsmál er fjallað um hvernig áherslur og undanfarin fjárlög fyrri ríkisstjórnar þessara flokka hafi verið grunnur að sterkara samfélagi. Þar er sérstaklega tiltekið að;

„Líkt og undanfarin ár verða framlög til heilbrigðismála í forgrunni þegar kemur að forgangsröðun fjármuna, en undanfarin ár hafa útgjöld til málaflokksins vaxið verulega. Í fjárukalögum fyrir yfirstandandi ár sem samþykkt voru á vorþingi voru fjárheimildir til

heilbrigðismála auknar um 1,4 ma.kr., annars vegar til að styrkja heilbrigðiskerfið til þess að takast á við eftirköst heimsfaraldursins og hins vegar til að styrkja rekstur öldrunarstofnana.“

Eins og fjallað var um hér að ofan geta samtökin hjartanlega tekið undir þessi orð. Viðbótarframlagið kom í veg fyrir hamfarir í rekstri og þjónustu hjúkrunarheimila síðastliðið sumar og því ákaflega mikilvægt að það verði sett aftur inn í fjárlagafrumvarpið. Enda var það eins og fram kemur í texta frumvarpsins „grunnur að sterkara samfélagi“ og því treysta samtökin því að fjárlaganefnd, Alþingi og stjórnvöld setji framlagið aftur inn í fjárlögin.

Hvað kom út úr faglegri úttekt á rekstri hjúkrunarheimila? Gylfa-skýrslan

Eftir áralangan ágreining milli rekstraraðila hjúkrunarheimila og fjárveitingarvaldsins, um hvort að fjárveitingar til heimilanna væru nægjanlegar var á síðasta ári ákveðið að fá óháðan aðila til að leiða vinnu við að meta rekstur hjúkrunarheimila faglega og þá sérlega hvort þörf væri á frekari fjárveitingum. Gylfi Magnússon, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, leiddi þá vinnu og niðurstaða hennar var afdráttarlaus: Heildarhalli hjá þeim hjúkrunarheimilum sem skiluðu halla árið 2019 var 2,7 milljarðar! Einungis 13% hjúkrunarheimila náðu endum saman án viðbótargreiðslna frá sveitarfélögum (sem n.b. bera ekki ábyrgð á fjármögnun reksturs hjúkrunarheimila).

Hvað kom út úr skoðun á niðurstöðum Gylfa-skýrslunnar?

Í framhaldi af afgerandi niðurstöðum Gylfa-skýrslunnar komu fram athugasemdir úr stjórnsýslunni við niðurstöður hennar. Í framhaldi af því var ákveðið á fundi Jónsmessunefndar, samráðsvettvangs ríkis og sveitarfélaga, að setja af stað nýjan vinnuhóp með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SFV. Í vinnuhóp þeim fór fram öflugt starf undir forystu heilbrigðisráðuneytisins sem endaði með því að hópurinn náði málamiðlun og niðurstöðu um hvert forgangsatridið væri varðandi fjármögnun til hjúkrunarheimila sem var sett fram á eftirfarandi hátt í lokaskýrslu hópsins til Jónsmessunefndar:

„Að öllu þessu töldu þá er hópurinn sammála um að til þess að hjúkrunarheimilin geti að meðaltali rekið sig með svipuðu sniði og þau gera núna, en hallalaust, þá **vanti um 1 milljarð króna inn í rekstrargrunn þeirra árlega.**

Til lengri tíma litið er nauðsynlegt að samningar milli aðila skilgreini betur umfang og gæði þjónustu sem hjúkrunarheimilum beri að veita og þannig ná betur utan um „gæða- og mönnunarkröfur“. Mögulega hefði það áhrif á daggjaldið.

Þá er það mat hópsins að skoða þurfi húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila sérstaklega og taka ákvörðun um hver eigi að standa straum af kostnaðinum og hvernig haga beri fjármögnun og rekstri húsnæðis hjúkrunarheimila“

SFV vekja athygli á því að í þessum milljarði er ekki að finna greiðslur vegna húsnæðiskostnaðar hjúkrunarheimila og eins og kemur fram að ofan þarf að skoða sérstaklega hvernig hann er fjármagnaður. Samtökin fundu fyrir miklum velvilja frá stjórnvöldum gagnvart því að slík skoðun færi í gang og treysta því að ríkisstjórnin og Alþingi standi fyrir því.

En hér er að ofan er að finna ákaflega mikilvægar sameiginlegar niðurstöður Heilbrigðisráðuneytis, Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Það vantar milljarð inn í rekstrargrunn hjúkrunarheimila, en eins og fjallað var um hér að ofan bættust við 1,1 milljarður í rekstrargrunn hjúkrunarheimila í fjárukalögum í sumar – sem vantar í fjárlagafrumvarpið núna! Niðurstaða þessara aðila er þannig afdráttarlaus, nauðsynlega þarf að bæta því framlagi aftur við í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpinu.

Kostnaður vegna kjarasamningsbundinna launahækkanna og verðlagsbreytinga

Slíkar hækkanir eru metnar í þjónustusamningi hjúkrunarheimila þannig að hækkunir á launum vegna kjarasamninga vega 80% á móti 20% vegna verðlagshækkana. Miðað við forsendur frumvarpsins um hækkunir á almennum rekstrarkostnaði um 5% og þá staðreynd að launakostnaður hjúkrunarheimila mun hækka um 4,5% á næsta ári þá þýðir það að fjárlagafrumvarpið hefði þurft að innifela þá hækkun í sér. Samtökin vilja koma þeirri spurningu á framfæri til fjárlaganefndar, heilbrigðisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis hvort að gert hafi verið ráð fyrir 4.5% hækkun launakostnaðar hjúkrunarheimila (sem er það sem rauntölur úr launakerfum hjúkrunarheimila sýna), eða var notast við þá forsendu sem gefin er í frumvarpinu um 3,9% launahækkunir ríkisstarfsmanna.

Vegna greiningar samtakanna á fjárlagafrumvarpinu óskuðu þau eftir rauntölum frá þremur stærstu samstæðum hjúkrunarheimila sem sýndu kostnaðarauka um 4.5% vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Samtökunum er ljúft og skylt að koma þeim grunnögnum til fjárlaganefndar og ráðuneytanna ef það aðstoðar við skoðun á þessu. Samtökin óska eftir því að skoðað verði hvort að réttar forsendur hafi verið notaðar við mat á auknum fjárveitingum til hjúkrunarheimila vegna launa- og verðlagsbreytinga. Þar minna samtökin á að 0.6% munur þar á, nemur um 230 milljónum í fjárframlög til hjúkrunarheimila, sem er upphæð sem skiptir máli.

Stytting vinnuviku – Betri vinnutími vaktavinnufólks (BVV)

Þann 31. maí síðastliðinn fengu hjúkrunarheimili landsins tilkynningu frá Sjúkratryggingum Íslands um hækkun á einingarverði vegna Betri vinnutíma vaktavinnufólks verkefnisins. Í póstinum kom fram að nýtt einingarverð sem mun gilda frá 1. maí 2021 sé 134,53, sem fól í sér hækkun á einingarverði um 3,3% eða 5,9% bætingu á þeim launalið á árlegum grundvelli. Sú hækkun kom m.a til í framhaldi af fundi fulltrúa SFV með heilbrigðisráðherra þar sem vakin var athygli á því að komandi skerðing vinnuvikunnar um allt að 16% vinnutíma hjá vaktavinnufólki myndi fela í sér mikla þjónustuskerðingu hjá hjúkrunarheimilum ef að greiðslur til þeirra væru ekki auknar til að bæta kostnað vegna breytingarinnar. Heilbrigðisráðherra tók vel í röksemdafærslu SFV og í framhaldinu kom til ofangreind hækkun.

Samtökin sendu að þessu tilefni erindi til Heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands þess efnis að kostnaðarmat hjúkrunarheimila sýndi hins vegar að kostnaðarauki þeirra vegna BVV væri töluvert hærra en 5,9%. Í máli SFV kom fram að nú þegar hjúkrunarheimilin búa við stóran viðvarandi rekstrarvanda, eins og vel var sýnt fram í í nýrri greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila (Gylfa-nefndin), þá væri alvarlegt að svo stórt bil sé á milli hækkunar einingarverðs og raunverulegs kostnaðarauka hjúkrunarheimila.

SFV minnir á að í umfjöllun kjarasamninga sem ríkið gerði um BVV, þá kemur fram það markmið að heildarlaunakostnaður hækki sem nemur 7,1%. Mat SFV, byggt á raungögnum frá aðildarfyrirtækjum samtakanna, er að kostnaðurinn sé enn hærri en það.

SFV lögðu áherslu á að skilningur samtakanna væri að sú hækkun á einingarverði sem þarna var kynnt, væri fyrsta skrefið í að ríkið komi inn með fjármuni til að hjúkrunarheimilin ráði við kostnaðarauka sem til er kominn vegna BVV. Samtökin kölluðu eftir því að þessi mál verði skoðuð aftur í samráði þegar enn betur væri komið í ljós hver nákvæmur kostnaðarauki er í raun, og þá hvaða hækkun á einingarverði sé nauðsynleg, til viðbótar við þá sem kynnt var í máli. Það er enn afstaða SFV og hvetja samtökin til þess.

Er raunverulegur kostnaður vegna BVV hærri en lykilmælikvarðar sýna?

Á hjúkrunarheimilum er sólarhringsþjónusta alla daga vikunnar, allt árið. Vísbendingar eru um að hvert stöðugildi skili nú að meðaltali 34,4 klst á viku vegna styttingar og vægis vinnuskyldustunda. Þess vegna þarf 16,27% fleiri stöðugildi $((40-34,3)/34,4)$ til að manna vaktirnar í BVV miðað við sömu mönnun og sama þjónustustig, þ.e. umönnunarklukkustundir per íbúa.

Ef að vilji stjórnvalda liggur til þess að BVV verkefnið valdi ekki skerðingu á þjónustu hjúkrunarheimila og fyrirtækja í velferðarþjónustu, sem myndi lýsa sér í því að umönnunarklukkustundum á hvern heimilismann hjúkrunarheimila myndi fækka sem mótvægi við aukinn launakostnað, þá þurfa stjórnvöld að horfa til þessa við fjárveitingar til hjúkrunarheimila (og annarra fyrirtækja í velferðarþjónustu).

Eins og fjallað er um hér að neðan eru umönnunarklukkustundir þegar undir þeim mörkum sem Embætti landlæknis hefur skilgreint sem viðmið um mönnun og umönnun á hjúkrunarheimilum. Ef stuðst væri við 34,4 stunda vinnuviku væri kostnaður hjúkrunarheimila um 4-5% hærri heldur en ef miðað er við 36 stunda vinnuviku, sem er viðmiðið sem stjórnvöld hafa notað við kostnaðarmat verkefnisins og það sem horft er til í mati á kostnaði á vettvangi matshóps, stýrihóps og verkefnisstjórnar BVV verkefnisins.

Eru fjárveitingar nægar til að uppfylla viðmið sem stjórnvöld sjálf hafa sett um mönnun og umönnun á hjúkrunarheimilum?

Núverandi fjármögnun hjúkrunarheimila dugir ekki til að ná þeim lágmarksviðmiðum sem Embætti landlæknis hefur skilgreint um mönnun og fjölda umönnunarklukkustunda á hjúkrunarheimilum. Þau faglegu viðmið stjórnvalda eru álit okkar færustu sérfræðinga á því hvaða mönnun og umönnun þurfi til að tryggja öryggi, heilsu og lífsgæði íbúa hjúkrunarheimila sem glíma almennt við fjölpætta sjúkdóma og eru á lokastigum lífisins. Í reglulegu gæðaeftirliti Embættis landlæknis með hjúkrunarheimilum er gerð alvarleg athugasemd í niðurstöðu gæðaeftirlitsins ef lágmarksviðmið eru ekki uppfyllt. Vilji stjórnenda hjúkrunarheimila hefur eðlilega staðið eindregið til að ná að uppfylla þessi viðmið. Hingað til hefur fjárveitingarvaldið hins vegar ekki fallist á að veita nægar fjárveitingar til þess að svo sé.

Í Gylda-skýrslunni er einmitt fjallað um hvað vanti upp á fjárveitingar til að ná þessum viðmiðum, þar kemur fram:

“Áætlaður kostnaður, miðað við launatölur og mönnun ársins 2019, við að ná lágmarksviðmiði Embættis landlæknis um fjölda umönnunarklukkustunda og hlutföll faglærðra og hjúkrunarfræðinga, er um 4,7 milljarðar króna. Kostnaður við að ná æskilegu viðmiði embættisins er áætlaður 8,6 milljarðar króna, sem væri um 45% hækkun

launakostnaðar. Hér er gert ráð fyrir að ná viðmiðinu út frá áætluðum unnum klukkustundum en ekki greiddum. Þá er rétt að hafa í huga að hér er miðað við kjarasamninga ársins 2019 en síðan hefur launakostnaður hækkað umtalsvert”

Samtökin benda stjórnvöldum á að hér fari ekki saman hljóð og mynd og hvetja til þess að sett verði í gang vinna til að samhæfa betur fjárveitingar og þessi viðmið. Samtökin eru meira en tilbúin til að taka þátt í slíkri vinnu og eru vongóð um að hún hefjist hið fyrsta, sérlega í ljósi jákvæðrar áherslu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að “þróa verði heilbrigðiskerfið í takt við breytta samsetningu þjóðarinnar, mönnunarþörf og lífstíllssjúkdóma”.

Í því samhengi er einnig mikilvæg sameiginleg niðurstaða vinnuhóps heilbrigðisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SFV, um skoðun á niðurstöðu Gylfa-skýrslunnar. Þar kom fram um umönnunar og mönnunarviðmið:

Til lengri tíma litið er nauðsynlegt að samningar milli aðila skilgreini betur umfang og gæði þjónustu sem hjúkrunarheimilum beri að veita og þannig ná betur utan um „gæða- og mönnunarkröfur“. Mögulega hefði það áhrif á daggjaldið.

Í þessu samhengi er líka mikilvægt að horfa til þess að síðasta rannsókn sem gerð var á viðmiðum þessum gaf til kynna að ef viðmið þessi væru endurskoðuð myndu þau væntanlega hækka í samræmi við hjúkrunarþyngd sem hefur aukist á hjúkrunarheimilum (og þannig samsvarandi hækkaður rekstrarkostnaður). Þetta kom fram í nýlegri rannsókn (og í framsögu á málþingi um Gylfa-skýrsluna) Ingibjargar Hjaltadóttur, að hjúkrunarþyngd á hjúkrunarheimilum hefur aukist frá því að viðmiðin voru gerð, og líklegt má telja að ef viðmiðin væru uppfærð þá þyrfti fleiri umönnunarklukkustundir og fagmönnum þyrfti að sama skapi að vera meiri. Í meðfylgjandi skjali má sjá umfjöllun Ingibjargar um hjúkrunarþyngd á hjúkrunarheimilum.

Kostnaðarútlagar

Í fjárukalögum sem samþykkt voru fyrr á árinu var veitt 100 milljónum árlega fyrir 2019-2021 vegna heimilisfólks hvers umönnun fól í sér sérstaklega mikinn tilkostnað fyrir heimilin. Þar var um að ræða ákaflega mikilvægt skref sem Alþingi tók. Samtökin geta ekki séð út frá frumvarpinu hvort áfram sé gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu, en hvetja fjárlaganefnd til að ræða og skoða það mál og tryggja slíka fjárveitingu.

Áður en Alþingi samþykkti 100 milljónir árlega í þetta mikilvæga verkefni í sumar, var einungis veitt 13 milljónum árlega í málið í gegnum svokallaðan „kostnaðarútlagasjóð“. Slíkar fjárveitingar eru einungis dropi í hafið þegar kemur að tilkostnaði hjúkrunarheimila og kalla samtökin því eftir að það góða skref sem Alþingi tók í sumar, verði endurtekið í fjárlögum ársins 2022. Það er ákaflega mikilvægt fyrir hjúkrunarheimilin að það verði gert, sérlega fyrir minni og meðalstór hjúkrunarheimili hringinn í kringum landið, þar sem slíkur kostnaður getur verið sérlega erfiður fyrir rekstur þeirra.

Aðhaldskrafa

Fimmta árið í röð er rekstrarfé hjúkrunar – dvalar – og dagdvalarrýma skert með svonefndri aðhaldskröfu. Árið 2018 var aðhaldskrafan 215,5 milljónir króna, árið 2019 var aðhaldskrafan 201,3 milljónir króna, árið 2020 var hún 279,6 milljónir króna og árið 2021 306,6 milljónir króna. Fram kemur að hlutdeild málaflokks


25.1 í aðhaldskröfu málefnasviðs 25 nemi 328.7 m.kr.. Árlegt rekstrarfé til hjúkrunarheimila og dagdvala á árinu 2021 (og eftir það) mun verða rúmlega 1.3 milljarði króna lægra heldur en það hefði orðið, ef ekki hefði komið til umræddra skerðinga. Samtökin benda á þá staðreynd í samhengi við viðbótarframlag það sem fjárlaganefnd samþykkti í sumar að bæta tímabundið við rekstrargrunn hjúkrunarheimila. Það nam um 1.1 milljarði á ársgrundvelli, sem nær þá ekki einu sinni að bæta það sem skorið hefur verið af rekstri hjúkrunarheimila með aðhaldskröfunni.

Samtökin kalla eftir því að fyrirkomulag þetta verði endurskoðað og hjúkrunarheimilum bætt það sem skorið hefur verið úr rekstrargrunni þeirra með aðhaldskröfunni. Það er engin árlegur niðurskurður á þjónustu hjúkrunarheimila sem nemur aðhaldskröfu þessari og því spyrjum við fulltrúar hjúkrunarheimilanna hvernig það reikningsdæmi á að ganga upp til lengdar?

Aukin hjúkrunarþyngd

Áður hefur verið vakin athygli fjárlaganefndar á því að hjúkrunarþyngd, þ.e hversu mikilli umönnun er mælt með fyrir íbúa hjúkrunarheimila, hefur aukist til muna á undanförunum áratug eða svo. Í þjónustusamningum hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands er ákvæði (sem hjúkrunarheimilin kalla eftir að verði breytt í nýjum þjónustusamningum) um 2% hámarkshækkun greiðslna árlega vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar. Það ákvæði þýðir að greiðslur vegna hjúkrunarþyngdar til margra hjúkrunarheimila eru með tímanum orðnar töluvert of lágar. Eitt dæmi frá þessu ári er frá hjúkrunarheimili þar sem mat á hjúkrunarþyngd jókst um rúm 10% en hækkun á greiðslum var takmörkuð við 2%.

Hér að neðan má sjá dæmi um hvernig RUG stuðlar (sem meta þetta) hafa aukist undanfarin 7 ár hjá Hrafnistuheimilunum og á landsvísu:



Hér má sjá að á landsvísu hefur hjúkrunarþyngdin aukist um tæp 3% árlega.

Í umfjöllun um helstu breytingar á fjárheimildum málaflokks 25 kemur fram að fjárheimild málaflokksins lækki um 300,8 m.kr. vegna tímabundins framlags til aukinnar hjúkrunarþyngdar sem Alþingi veitti í eitt ár, en að fjárheimildir málaflokksins hækki einnig um 361.8 m.kr. vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar sem kemur aftur inn. Samtökin taka vel í að þetta framlag verði áfram inni og hafa fengið upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um að þetta framlag feli í sér að breytingar vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar séu fullfjármagnaðar og samtökin treysta því að svo sé.

Markmið málaflokks 25.1

Markmið 1: Biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum

Í umfjöllun um helstu verkefni undir málaflokk 25.1 er að finna það markmið að biðtími eftir hjúkrunarrýmum verði undir 90 dögum. Samtökin taka undir það markmið en benda á að líklega þurfi töluvert meiri uppbyggingu hjúkrunarrýma heldur en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum eykst stöðugt og því mikilvægt að uppbyggingaráætlanir séu í samræmi við það. Í því samhengi benda samtökin á meðfylgjandi minnisblað sem samtökin sendu fjárlaganefnd árið 2019 þar sem fjallað var um möguleika á því að fjölga hjúkrunarrýmum um allt að 200 með tiltölulega litlum tilkostnaði. Það minnisblað á enn við í dag og hvetja SFV stjórnvöld til að nýta sér þessa möguleika á uppbyggingu með litlum tilkostnaði.

Þá kemur fram að bæta eigi „framsetningu biðlista eftir hjúkrunarrýmum og verklag færni og heilsumats til einföldunar fyrir notendur og skjólstæðinga“. Samtökin fagna þessu og hvetja til að haft verði samráð við SFV og sérfræðinga aðildarfyrirtækja samtakanna í þessu verkefni.

Markmið 2: Auka aðgengi að dagdvalarþjónustu

Samtökin taka einnig undir þetta markmið og fagna áherslu stjórnvalda á þetta mikilvæga verkefni. Samtökin hvetja til þess að verkefni þetta verði unnið í góðu samráði við SFV og sérfræðinga í geiranum, þannig næst árangur fljótt og fyrir minni tilkostnað.

Önnur atriði varðandi málaflokk 25.1

Áhrif á jafnrétti kynianna

Í umfjöllun frumvarpsins um áhrif á jafnrétti kynjanna kemur eftirfarandi fram:

„Konur eru í meiri hluta íbúa á hjúkrunarheimilum og á biðlistum þar sem þær lifa að meðaltali lengur en karlar. Hér vegur þó þungt að starfsemi hjúkrunarheimila dregur úr umönnunarbyrði sem lendir oftast á konum. Einnig geta hjúkrunarheimili dregið úr álagi á spítölum þar sem konur eru að meiri hluta í hjúkrunar- og umönnunarstörfunum!

SFV taka undir þessa umfjöllun og benda á að með sömu rökum er það ljóst að niðurskurður á fjárveitingum til og þjónustu hjúkrunarheimila felur í sér samsvarandi neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna.

Samtökin hvetja til að horft verði til þessa við umræðu um nauðsynlega aukningu á fjárveitingum til hjúkrunarheimila í meðförum þingsins á fjárlagafrumvarpinu.

Bygging nýrra hjúkrunarheimila

Í umfjöllun um helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu að eitt þeirra er: „Bygging nýrra hjúkrunarheimila og endurbætur á eldri rýmum“. Í frumvarpinu er að finna 5,2 milljarða í byggingu hjúkrunarheimila og fagna SFV því og þessari áherslu almennt.

Málaflokkur 25.2 endurhæfingarþjónusta

SÁÁ

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu gera alvarlegar athugasemdir við fjárveitingar til SÁÁ í fjárlagafrumvarpinu og kalla eftir því að þær verði auknar. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 70 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ (og Samhjálp) sem Alþingi veitti í eitt ár. Að mati SFV hefur ekkert breyst í starfsumhverfi SÁÁ sem gerir það mögulegt að fella niður þetta framlag. Auk þess að framlag þetta sé fellt niður hefur aðhaldskrafan hér áhrif til niðurskurðar á framlögum (97,2 milljónir á málefnasviðið). Eins og fjallað var um hér að ofan varðandi hjúkrunarheimili þá er ekkert í rekstri SÁÁ sem gerir sífellda aðhaldskröfu á þeirra rekstur sjálfbæra. SFV kalla eftir því að hið tímabundna framlag sem hér er fellt niður verði sett aftur inn og gert að varanlegum hluta rekstrargrundvallar SÁÁ sem og að ekki verði sett aðhaldskrafa á starfsemi samtakanna.

Auk þess að festa tímabundið framlag síðustu fjárlaga í sessi þá er ákaflega mikilvægt að stjórnvöld taki stór skref í að styðja betur við SÁÁ og þeirra afar mikilvægu heilbrigðisþjónustu. Þar er mikilvægt að horfa til eftirfarandi staðreynda:

- SÁÁ er að veita nauðsynlega heilbrigðisþjónustu með söfnunarfé sem undir öllum eðlilegum kringumstæðum ríkið ætti að greiða
- Tryggja þarf fólki með fíknsjúkdóm þá heilbrigðisþjónustu sem það á rétt á. Í dag eru um 600 manns á bið eftir að komast á Vog. SFV minna á að það er ákvörðun Alþingis hversu miklum fjármunum þau veita til þessarar heilbrigðisþjónustu, reikningsdæmið er ekki flóknara en svo að skortur á fjárveitingum er að valda biðlistum eins og raun ber vitni.
- Í ljósi góðra áherslna nýrrar ríkisstjórnar um eflingu heilbrigðisþjónustu og styttingu biðlista þá eru samtökin vongóð um að fjárlaganefnd taki öflug skref til að vinna á þessum vanda. Áhrifin af því að styðja ekki nægilega við þessa þjónustu eru augljós, vandinn versnar með tilheyrandi skelfilegum afleiðingum fyrir fólkið og fjölskyldur þeirra.
- Samtökin hvetja til þess að fjárlaganefnd og Alþingi horfi til mikilvægi þjónustunnar á sjúkrahúsinu Vog:
 - o Sjúkrahúsið Vogur hefur rúm fyrir 60 sjúklinga og 6-7 innlagnir á dag, allan ársins hring eða rúmlega 2100 innlagnir á ári.

- Á sjúkrahúsinu fer fram afeitrun og lyfjameðferð undir eftirliti sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks, greining og skimun fyrir líkamlega, geðræna og félagslega fylgikvilla og einstaklingshæfð, áfallamiðuð sálfélagsleg meðferð.
 - Árlega koma um 500-600 einstaklingar í fyrsta sinn í meðferð frá öllum landshlutum.
 - Á sjúkrahúsinu er göngudeild með daglegri þjónustu fyrir lyfjameðferð fyrir ópíóíðafíkn. Þessi göngudeild á að sinna 90 einstaklingum samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands en sinnir nú 230 einstaklingum.
 - Á sjúkrahúsinu fer fram lífsbjargandi lyfjameðferð við ópíóíðafíkn sem verður að tryggja með því að fá fram leiðréttingu á fjárveitingum. Eins og kemur fram í umsögn SÁÁ um fjárlögin er hægt að “tryggja afköst sjúkrahússins Vogs og anna þörf fyrir lyfjameðferð við ópíóíðafíkn. Fyrir 300 m.kr. sem nemur um 1/10 hluta af tekjuaukningu ríkissjóðs af áfengisgjaldi á síðasta ári má forða alvarlegum afleiðingum fyrir hundruði einstaklinga og aðstandenda sem fá ekki meðferð við sínum sjúkdómi.”
 - Innlögn á sjúkrahúsið Vog léttir á þörf fyrir þjónustu annars staðar í velferðar – og heilbrigðiskerfinu, t.d með skimun og meðferð smitsjúkdóma. Þá er fráflæði frá fíknigeðdeild Landspítala til sjúkrahússins Vogs tryggt með sérstökum forgangi til innlagna sem nemur rúmlega 100 sjúklingum árlega.
- Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa til þess að í dag eru heilbrigðisyfirvöld langt frá því að fjármagna starfsemi Vogs að fullu leyti. Framlag ríkisins fjármagnar 1530 innlagnir á Vog á ári, hin 30% hafa samtökin neyðst til að fjármagna með sjálfsaflafé.
 - Vegna áhrifa Covid gat SÁÁ ekki treyst á fjáraflanir og árið 2020 gat SÁÁ sinnt 455 færri innlögnum, hundruðir einstaklinga fóru á mis við þá lögbundnu heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á.

SFV kalla eftir því að stjórnvöld auki við fjárveitingar til SÁÁ um 300 milljónir í fjárlagafrumvarpinu og að það framlag verði fest í rekstrargrunn SÁÁ. Með því væru tryggðar 2100 innlagnir á sjúkrahúsið og tækifæri skapast til að nýta sjálfsaflafé SÁÁ í aðra nauðsynlega þjónustu. Eins og kemur fram í umsögn SÁÁ væri það m.a fyrir eftirfarandi þjónustu:

- “Sálfræðiþjónusta við börn fólks með fíknsjúkdóm.
- Meðferð við spílafíkn sem er undanskilin í samningum við Sí þrát fyrir að um erfiðan fíknsjúkdóm sé að ræða
- Heilsársopnun á göngudeildum. Samningar við Sí duga ekki til að hafa opið allan ársins hring.
- Heilsársopnun á Vík meðferðarstöð. Samningar við Sí duga ekki til að fjármagna sólarhringsþjónustu og hafa opið allt árið.
- Áfengis og vímuefnaráðgjafa nám.”

SFV hvetja fjárlaganefnd til að horfa til þessara mikilvægu verkefna, sem og þeirrar nauðsynlegru heilbrigðisþjónustu sem veitt er á Vog. Styrking rekstrargrunns SÁÁ er tækifæri til að taka risastórt stökk í þjónustu við fólk með fíknsjúkdóm og fjölskyldur þeirra, fyrir lítinn tilkostnað.

Alzheimersamtökin

Í umræðum um heilbrigðismál og málefni aldraða eru flestir því sammála að best fari á því að fólk geti dvalið og búið sem lengst á eigin heimili. Fólk sem greinist með heilabilunarsjúkdóma er þar engin undantekning. Allar rannsóknir sýna fram á að sú meðferð sem virkar og **reynist best fólki sem greinist með þessa sjúkdóm sé virkni, bæði andleg og líkamleg.**

Í dag býðst fólki á fyrri stigum sjúkdómsins engin þjónusta eða úrræði við hæfi. Það er ekki fyrr en sjúkdómurinn er lengra genginn að úrræði á borð við sérhæfða dagþjálfun er í boði en löng bið er eftir að komast þar að.

Alzheimersamtökin hafa um skeið unnið að því að opna þjónustumiðstöð fyrir fólk sem greinist ungt með heilabilun eða er á fyrri stigum sjúkdómsins auk aðstandenda þeirra. Fyrirmyndir eru nokkrar erlendis en hérlandis er Ljósið fyrir krabbameinssjúklinga fyrirmyndin þ.e. að þjónustuframboð verði með svipuðum hætti.

Sérfræðilæknar og annað heilbrigðisstarfsfólk er á einu máli um mikilvægi slíkrar þjónustu og hafa verið í nánu samstarfi við Alzheimersamtökin varðandi þjónustuframboð. Samtökin hafa nú í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og með stuðningi Oddfellowreglunnar á Íslandi, komið sér fyrir á þriðju hæð St. Jósefsspítala í Hafnarfirði þar sem á næstu vikum verður byrjað að taka við þessum skjólstæðingum.

Enn hefur engum rekstrarstyrkjum verið lofað vegna þessa úrræðis og treglega gengur að fá fundi með ráðamönnum. Ljóst er að samtökin, sem **reiða sig á sjálfsaflafé** s.s. í tengslum við Reykjavíkummarabon, félagsgjöld og sölu minningarkorta, munu ekki geta staðið undir þessum rekstri án framlaga frá hinu opinbera. Auðvelt er að reikna út hversu mikið fé má spara með því að halda fólki virku og seinka þannig þörf fyrir dýrari úrræði.

Við áætlum að rekstur miðstöðvarinnar muni til að byrja með **kosta um 50 milljónir á ári** en í þeim áætlunum gerum við ráð fyrir að með okkur vinni sjálfsboðaliðar og að skjólstæðingar taka að hluta til þátt í kostnaði s.s. efniskostnaði.

Alzheimersamtökin og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu kalla eftir því að bætt verði í fjárlögin 50 m.kr. árlegu fjárframlagi til Alzheimersamtakanna. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvæga þjónustu sem stjórnvöld geta tryggt fyrir lítinn tilkostnað. Í því samhengi minna samtökin á að fjallað er um verkefnið í áætlun heilbrigðisráðuneytisins frá 2020 í málefnum fólks með heilabilun. Þar er fjallað sterkum orðum um nauðsyn þess að koma slíkri þjónustu á – og nú hefur fjárlaganefnd og Alþingi tækifæri til að standa fyrir því.

Framlag til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Auk ofangreindra framlaga til SÁÁ og Alzheimersamtakanna óska samtökin eftir því að SFV verði veitt 20 m.kr fjárframlag í fjárlögum næsta árs. Fjárframlagið myndi gera samtökum kleift að halda áfram og efla starf sitt og mikilvægt hlutverk í baráttunni við Covid sem og til að sinna auknum verkefnum í málaflokknum sem snúa m.a. að samningagerð, kjaramálum, fræðslu, skýrsluvinnu fyrir stjórnvöld og

fleiru. Í meðfylgjandi erindi (fylgiskjal 1), sem sent var fjárlaganefnd þann 5. desember síðastliðinn, er nánar fjallað um þessa beiðni SFV.

Málefnsvið 26 Lyf og lækningavörur

SFV hafa lengi talað fyrir því að einstaklingar eigi að halda réttindum sínum til niðurgreiðslu vegna lyfja og hjálpartækja þegar þau flytja inn á hjúkrunarheimili, svo er það ekki í dag. Þannig fagna samtökin markmiði nr. 1 í málaflokk 26.3 Hjálpartæki, um að einfalda eigi aðgang fólks að hjálpartækjum. Nú hefur staðið lengi yfir vinna á vettvangi Heilbrigðisráðuneytis og Sjúkratrygginga Íslands um fyrirkomulag greiðslna vegna hjálpartækja og lyfja. Eftir því sem samtökin hafa heyrt er sú vinna langt komin bæði hvað varðar lyf og hjálpartæki. SFV kalla eftir því að þeirri vinnu verði lokið og íbúum hjúkrunarheimila tryggð þessi réttindi.

Málefnsvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Samtökin vilja sérstaklega taka undir þau 3 markmið sem sett eru fram undir málaflokk 32.1 – Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit:

- Efling heilsu og heilbrigðra lífnaðarháttá
- Aukið öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna
- Aukin gæði og efling rafrænnar heilbrigðisþjónustu

Samtökin styðja þessi markmið og bjóða fram sína samvinnu og stuðning við að ná þeim fram. Undir markmiði 2 er gert ráð fyrir að mannaflaþörf verði „greind fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttir í heilbrigðisþjónustunni“. Að mati samtakanna er hér um að ræða gríðarlega mikilvægt verkefni sem samtökin hvetja til að verði farið í af miklum krafti.

Það sem er svo enn mikilvægara í framhaldi af því er að stjórnvöld marki sér stefnu og fylgi henni eftir um að fjármagn fylgi til rekstraraðila heilbrigðisþjónustu til að standast viðmið um mannaflaörf. Í dag er ástandið þannig hvað varðar hjúkrunarheimili að Embætti landlæknis hefur gefið út viðmið um mönnun og umönnunarþörf fyrir hjúkrunarheimili, en þegar gerð eru fjárlög er að engu leyti horft til þeirra. Eins og kom fram í Gylfa-skýrslunni eru hjúkrunarheimili töluvert frá því að ná þessum viðmiðum almennt, og er það einfaldlega vegna þess að fjárveitingar til hjúkrunarheimila taka ekki tillit til þessara viðmiða.

Almennar athugasemdir

Gegnsæi fjárheimilda til hjúkrunarheimila í fjárlögum

Í ljósi áherslna nýrrar ríkisstjórnar um gegnsæi í opinberri stjórnsýslu, aukningu gæða í heilbrigðisþjónustu og almennt í lýðræðismálum, þá eru samtökin bjartsýn á að farið verði í það verkefni að auka gegnsæi fjárheimilda í fjárlögum til velferðarþjónustunnar. Undanfarin ár hafa samtökin gert athugasemdir við að fjárlagafrumvörp séu töluvert ógegnæ varðandi fjárveitingar til hjúkrunar –, dvalar – og dagdvalarrýma

landsins. Ekki er t.d hægt að sjá hvaða rýmafjöldi eða legudagafjöldi liggur að baki fjárlagalið 08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir því hvort fullnægjandi hækkun sé á liðnum með hliðsjón af kostnaði vegna betri vinnutíma í vaktavinnu verkefnisins, kostnaði vegna kjarasamningsbundinna hækkana eða hvernig greiðslur munu skila sér til einstakra hjúkrunarheimila. Í þessu samhengi minna SFV á mikilvægi aðkomu fagaðila, í að meta og veita lagasetningu á Alþingi aðhald.

Að lokum þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og óska virðingarfyllst eftir því að fá að koma til fundar með fjárlaganefnd til að fara betur yfir og ræða umsögn samtakanna.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

F.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri

Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður stjórnar

María Fjóla Harðardóttir, varaformaður stjórnar

Alþingi
Fjárlaganefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2021

Málefni: Erindi frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu um fjárframlag til samtakanna

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir SFV) óska virðingarfyllst eftir því að SFV verði veitt 20 m.kr fjárframlag í fjárlögum ársins 2022. Fjárframlagið myndi gera samtökum kleift að halda áfram og efla starf sitt og mikilvægt hlutverk í baráttunni við Covid sem og til að sinna auknum verkefnum í málaflokknum sem snúa m.a. að samningagerð, kjaramálum, fræðslu, skýrsluvinnu fyrir stjórnvöld og fleiru. Þá óska SFV eftir að fá að koma til fundar með fjárlaganefnd, til að ræða erindi þetta sem og umsögn SFV um fjárlagafrumvarpið, sem send verður fjárlaganefnd á næstu dögum.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru samtök fyrirtækja, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem eru ekki ríkisfyrirtæki og starfa á heilbrigðisviði samkvæmt þjónustusamningi eða öðrum tengdum greiðslum frá ríkinu, t.d. daggjöldum. Innan samtakanna eru í dag 45 fyrirtæki, félagasamtök og / eða sjálfseignarstofnanir, þ.á.m. flest hjúkrunarheimili landsins. Meðal aðildarfélaga eru Hrafnistuheimilin, Eir, Reykjalundur, SÁÁ o.fl. Greiðslur ríkisins til aðila innan SFV nema um 15-20% af heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála á ári.

Í heimsfaraldrinum hafa SFV leitt samstarf og samvinnu velferðarþjónustunnar við sóttvarnalækni og almannavarnir í baráttunni við Covid. Það hefur falið í sér reglulega upplýsingafundi, vinnu við útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis, gerð viðbragðsáætlana og margt fleira. Þá hafa samtökin leitt samstarf fyrirtækja í velferðarþjónustu í faraldrinum með ýmsu faglegu starfi, fundum, útgáfu fræðsluefnis, aðstoð þegar upp koma slæmar aðstæður og margt fleira.

Staðan hjá samtökunum núna er slík að álag vegna verkefna er mikið og þörf er á frekari stuðningi til að samtökin geti uppfyllt áfram þetta mikilvæga hlutverk sitt. Nú standa t.d yfir samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands um nýja þjónustusamninga hjúkrunarheimila og myndi stuðningur frá fjárlaganefnd einnig gera samtökunum kleift að efla greiningarvinnu og faglegt samstarf við ríkisvaldið vegna þeirrar samningagerðar öllum aðilum máls til gagns.

Samtökin eru og hafa verið að einu ári undanskildu einungis fjármögnuð af fjárframlögum aðildarfélaga. Sá kostnaður er orðinn þungur baggi á aðildarfélögum í þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem uppi er hjá mörgum aðildarfélögum eins og kom t.d vel fram í skýrslu hinnar svökölluðu Gylfa-nefndar um rekstrarstöðu hjúkrunarheimila. Stjórn SFV telur rétt og eðlilegt að óska eftir því að ríkið aðstoði aðildarfélögin við að standa undir þessum kostnaði. Störf samtakanna eru að létta mikið á þeirri vinnu sem annars myndi falla á Sjúkratryggingar Íslands og aðra opinbera aðila sbr. fyrrnefnt hlutverk SFV í kringum Covid-tengd verkefni, sem og einfalda þeim aðilum alla samningagerð. Þá eru samtökin að sinna verkefnum sem ríkið hefur áður sinnt sem og nýjum verkefnum sem aðildarfélögum hefur ekki verið greitt fyrir að sinna. Einnig verður að líta til framlags samtakanna til að efla gæði og fagleg vinnubrögð á sviði heilbrigðisþjónustu og opinberrar stjórnarsýslu

Í nýliðinni kosningabaráttu var sérlega ánægjulegt fyrir okkur í velferðarþjónustunni (og umbjóðendur okkar) að fylgjast með kosningabaráttunni og þeirri umræðu sem var í gangi um helstu áskoranir samfélagsins. Sama um hvaða stjórnsmálaflokk var að ræða, þá voru allir sammála um að styðja þyrfti við velferðarþjónustuna og auka samstarf. Það var vissulega áherslumunur og fólk vildi fara mismunandi leiðir, en markmiðið var það sama: Að styðja við þjónustu við viðkvæmstu hópa samfélagsins. Nú er tækifæri fyrir nýja ríkisstjórn og nýtt þing til að sýna þann góða vilja í verki. Við í velferðarþjónustunni bindum miklar vonir við velvilja nýrrar ríkisstjórnar og þings og hlökkum til samstarfs á komandi árum!

Samtökin eru tilbúin og óska vinsamlegast eftir því að koma til fundar með fjárlaganefnd til að ræða málin og mikilvægi beiðnar sinnar. Nú á næstu dögum munu samtökin einnig senda fjárlaganefnd umsögn sína um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2022 og óska á sama hátt virðingarfyllst eftir tækifæri til að kynna og ræða áherslur sínar og athugasemdir í umsögn samtakanna.

Með vísáð til alls ofangreinds er óskað eftir framlagi á fjárlögum 2022 að fjárhæð kr. 20 m.kr. til stuðnings við starf SFV í baráttunni við heimsfaraldurinn, á árinu 2022.

Virðingarfyllst, f.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri
Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður stjórnar SFV
María Fjóra Harðardóttir, varaformaður stjórnar SFV